

# Fundargerð 65. fundar

## verkefnisstjórnar um aukna hagsmunagæslu í úrgangsmálum

Árið 2021, föstudaginn 11. júní kl. 11:00 kom Verkefnisstjórn fyrir hagsmunagæslu í úrgangsmálum saman til fundar og fór hann fram í gegnum fjarfundarbúnað.

Fundinn sátu: Steinþór Þórðarson, Ína Björk Ársælsdóttir, Friðrik Klingbeil Gunnarsson, Hrefna Bryndís Jónsdóttir, Freyr Ævarsson og Guðmundur Tryggvi Ólafsson.

Að auki sátu fundinn Guðjón Bragason sviðsstjóri, Eygerður Margrétardóttir verkefnisstjóri og Bryndís Gunnlaugsdóttir lögfræðingur, sem ritaði fundargerð.

Jón Viggó Gunnarsson framkvæmdarstjóri SORPU bs. sat fundinn.

Fundargerðin var færð í tölvu.

Þetta var tekið fyrir:

### 1. Fundargerð 64. fundar - 2009015SA

Fundargerð verkefnisstjórnar um hagsmunagæslu í úrgangsmálum, dags. 26. apríl sl. lögð fram til samþykktar.

*Fundargerð síðasta fundar var samþykkt samhljóða.*

### 2. Umsögn sambandsins um frumvarp til laga um breytingu á lögum um hollustuhætti og mengunarvarnir, lögum um meðhöndlun úrgangs og lögum um úrvinnslugjald, 708. mál - 2104038SA

Lagt fram til kynningar umsögn sambandsins til umhverfis- og samgöngunefndar Alþingis um um frumvarp til laga um breytingu á lögum um hollustuhætti og mengunarvarnir, lögum um meðhöndlun úrgangs og lögum um úrvinnslugjald, dags. 29. apríl sl. Málið var áður á dagskrá fundar verkefnisstjórnarinnar þann 26. apríl sl.

*Ánægjulegt er að sjá hversu margar tillögur úr umsögn sambandsins hafa skilað sér inn í breytingatillögur meiri hluta umhverfis- og samgöngunefndar Alþingis. Að mati verkefnisstjórnar er mikilvægt að frumvarpið verði að lögum sem fyrst svo sveitarfélög hafi nægan tíma til undirbúnings enda eru stórar og miklar breytingar væntanlegar í meðhöndlun úrgangs. Áriðandi er að lagabreytingarnar ásamt stefnu ráðherra í úrgangsmálum fái kynningu á næstunni svo sveitarfélög gefi hafið undirbúning breytinga á meðhöndlun úrgangs.*

### 3. Stefna umhverfis- og auðlindaráðherra í úrgangsmálum - 1907021SA

Stefna umhverfis- og auðlindaráðherra um meðhöndlun úrgangs 2021-2032 sem nýlega var gefin út var lögð fram til kynningar. Stefnan ber heitið „Í átt að hringrásarhagkerfi“.

*Verkefnisstjórnin telur að stefnan beri með sér að vera afrakstur góðs samstarfs milli*

ráðuneytisins, sambandsins og fjölmargra annarra aðila. Mjög jákvætt er að sjá áframhaldandi gott samstarf við innleiðingu stefnunnar.

#### **4. Aðkoma sambandsins að aðgerðum í drögum að stefnu ráðherra - 2012018SA**

Sambandið og Umhverfisstofnun hafa undirritað samning, dags. 8. júní, um vinnu við gerð handbókar fyrir úrgangsstjórnun sveitarfélaga og úttektar á breyttri innheimtu sveitarfélaga sem eru aðgerðir sem koma fram í stefnu umhverfis- og auðlindaráðherra um meðhöndlun úrgangs 2021-2032. Málið var áður á dagskrá verkefnisstjórnarinnar 18. mars sl.

Verkefnisstjórn fagnar vinnu við gerð handbókar og telur hana vera lykilatriði við innleiðingu þeirra breytinga sem munu eiga sér stað í meðhöndlun úrgangs næstu árin, bæði með hliðsjón að breytingum á lögum er snerta meðhöndlun úrgangs sem og við innleiðingu stefnu umhverfis- og auðlindaráðherra í úrgangsmálum. Mikilvægt er að handbókin verði kynnt vel þegar hún er tilbúin og að starfsmenn sveitarfélaga fái kennslu um hvernig hægt sé að nýta handbókina í þeirra starfsemi.

#### **5. Ályktun aðalfundar Landssambands kúabænda - 2104050SA**

Sambandinu barst bréf frá Landssamtökum kúabænda, dags. 27. apríl, með ályktun aðalfundar samtakanna frá 21. apríl sem beinist að Sambandi íslenskra sveitarfélaga og samræmingu söfnunarkerfa, sorpflokkunar og förgunarúrræða.

Verkefnisstjórn þakkar fyrir bréfið. Í frumvarpi umhverfis- og auðlindaráðherra er fjallað um samræmingu merkinga og flokkunar úrgangs og verður bréfið haft til hliðsjónar við innleiðingu á því frumvarpi verði það að lögum.

#### **6. Drög að nýjum samningi Úrvinnslusjóðs og SFS um veiðarfæraúrgang - 2106007SA**

Á fundi Úrvinnslusjóðs þann 27. maí voru kynnt drög að nýjum samningi Úrvinnslusjóðs og Samtaka fyrirtækja í sjávarútvegi (SFS) um móttöku veiðarfæraúrgangs. Áætlað er að samningurinn muni koma í stað samnings sem hefur verið í gildi frá 2006.

Stjórn Hafnarsambands Íslands sat umfjöllun um málið.

Hildur Harðardóttir sérfræðingur í umhverfismálum hjá SFS kynnti drögin ásamt Ólafi Kjartanssyni framkvæmdarstjóra Úrvinnslusjóðs.

Verkefnisstjórn telur að ef ákveðið verður að semja við SFS á grundvelli undanþága í lögum um úrvinnslugjald þurfi að gera tímabundinn samning til að byrja með, t.d. 2 ár, á meðan reynsla kemst á framkvæmdina. Því eins og farið var yfir þá eru sveitarfélögin í takmarkari aðstöðu til að fara fram á uppsögn samningsins ef kæmi til þess að hallaði á sveitarfélögin við meðhöndlun á veiðarfæraúrgangi framvegis. Einnig telur verkefnisstjórn að það þurfi að koma skýrar fram í samningi hverjar verði skyldur SFS til að halda úti tilteknum fjölda móttökustaða um landið til að lágmarka flutningskostnað. Auk þess verði kveðið skýrar á um skyldu til að taka við munaðarlausum veiðarfærum er safnast upp á kostnað sveitarfélaga og að fram komi nákvæmari útlistun annarsvegar á útreikningi söfnunarhlutfalls og hinsvegar tölfraedi um stöðuna í dag svo hægt sé að meta árangur samningsins. Jafnframt er

æskilegt að upplýsingar um kostnað fyrir móttöku veiðarfæraúrgangs sem uppfyllir ekki móttökuskilmála verði gerðar aðgengilegar. Verkefnisstjórn felur fulltrúum sambandsins að fylgja eftir þeim atriðum sem listuð voru upp á fundinum við umræðu og frágangi á samningi SFS og Úrvinnslusjóðs.

Verkefnisstjórn óskar einnig eftir því að sambandið taki saman hvaða veiðarfæri falla undir lög um úrvinnslugjald og hvaða veiðarfæri séu utan gildissviðs laganna.

Gestir undir þessum lið voru Pétur Ólafsson, Lúðvík Geirsson, Ólafur Snorrason og Eydís Ásbjörnsdóttir frá Hafnasambandi Íslands.

#### **7. Önnur mál - 2009111SA**

Tilkynnt var um fyrirhugaðar breytingar á skipan verkefnisstjórnar en Jón Viggó Gunnarsson framkvæmdastjóri SORPU bs. mun taka sæti sem aðalmaður og Guðmundur Tryggvi Ólafsson tekur aftur sæti sem varamaður. Rut Jónsdóttir kemur inn sem nýr varamaður. Verkefnisstjórn og starfsmenn sambandsins þökkuðu Guðmundi Tryggva fyrir röggsama fundastjórn og forystu á þeim tíma sem hann hefur gegnt formennsku í verkefnisstjórninni.

Ákveðið að næsti fundur verkefnisstjórnar verði að óbreyttu þann 20. ágúst nk.

Fundi var slitið kl. 13:30

---

Steinþór Þórðarson

---

Ína Björk Ársælsdóttir

---

Friðrik Klingbeil Gunnarsson

---

Hrefna Bryndís Jónsdóttir

---

Freyr Ævarsson

---

Guðmundur Tryggvi Ólafsson